

## Krabbamein í leggöngum og ytri kynfærum kvenna

*Krabbamein í leggöngum og ytri kynfærum kvenna er sjaldgæfur hópur illkynja æsla og er aðeins um 0,4% illkynja æsla hjá konum. Aldursstaðlað nýgengi þessara æsla á tímabilinu 2002-2006 hjá íslenskum konum var 0,9 af 100.000*

*konum. Meðalaldur sjúklunga við greiningu þessara æsla hér á landi er 65 ár. Krabbamein í ytri kynfærum kvenna er um 3% allra illkynja æsla í kynfærum kvenna en fyrir krabbamein í leggöngum er samsvarandi tala minna en 1 af hundraði. Aðgerð er helsta meðferð við þessum krabbameinum og geisla meðferð er oftast beitt til viðbótar einkum á krabbamein í leggöngum. Tilteknar veirur, svokallaðar HPV-veirur (human papilloma virus), eru taldar eiga þátt í myndun meirihluta þessara krabbameina.*

Ytri kynfæri konunnar (vulva) eru gerð úr ytri og innri skapabörnum (labia majora og labia minora) ásamt sníp (clitoris). Milli ytri kynfæranna og leghálsins eru leggöngin (vagina).

Krabbamein í ytri kynfærum er almennt um þrisvar til fjórum sinnum algengara en krabbamein í leggöngum. Algengasta krabbamein í ytri kynfærum kvenna og leggöngum er flöguþekjukrabbamein (squamous cell carcinoma). Fleiri vefjagerðir illkynja æsla svo sem sortuæxli (malignant melanoma) geta einnig komið fyrir á þessum stöðum en eru mjög sjaldgæf. Krabbamein sem á upptök sín í leggöngunum er mun sjaldgæfara en meinvörp eða vöxtur æxlis niður í leggöng, sem annars á upptök sín utan legganga, oftast í leghálsi. Slík meinvörp eru oftast meðhöndluð á svipaðan hátt og æxli upprunnin í leggöngum. Krabbamein í ytri kynfærum greinist oftast meðal eldri kvenna (eldri en 65-70 ára), en þær konur sem fá krabbamein í leggöngin eru oftast á milli fertugs og sjötugs.

### Orsakir og áhættuþættir

Orsakir krabbameins í leggöngum og ytri kynfærum kvenna eru ekki ljósar. Þó eru miklar líkur á að veirur eigi drjúgan þátt í myndun þeirra æsla sem fyrir koma á þessum stöðum. Þar er aðallega um að ræða HPV-veirur, en til eru margar tegundir þeirra veira og geta sumar þeirra orsakað kynfæravörtur (condyloma accuminata) á skapabörmunum og í leggöngunum, en þær ásamt öðrum gerðum veirunnar eru taldar geta valdið forstigsbreytingum og illkynja vexti. Eins og reyndin er með krabbamein í leghálsi geta þó líðið mörg ár frá sýkingu þar til að æxli myndast.

### Landfræðilegur munur

Ekki er þekktur mikill landfræðilegur munur á nýgengi krabbameins í leggöngum og ytri kynfærum kvenna. Alþjóðlegur samanburður er erfiður þar sem þessi æxli eru svo fá. Ekki er sýnilegur mikill munur á nýgengi þessara æsla milli Norðurlandabjóðanna.


### Einkenni

Algeng einkenni kvenna með krabbameinsmyndun á ytri kynfærum er ákafur kláði, sviði, roði, blæðingar og hnúður eða sár sem grær illa. Krabbameinið vex oft í kjölfar vissra húðbreytinga, t.d. harðra og hvítra bletta (svokallaðra leukoplakia). Ráðandi einkenni krabbameina í leggöngum eru blóðug útfærð eða allnokkur blæðing frá leggöngum. Einnig getur sársauki verið til staðar, t.d. í sambandi við þvaglát.


### Greining

Við grun um krabbamein í leggöngum eða í ytri kynfærum er gerð kvensjúkdómarannsókn. Læknirinn tekur þá vefjasýni frá óeðlilegu svæði og þau eru síðan rannsökuð og greind í

Árlegt aldursstaðlað nýgengi



Árlegt aldursstöðluð dánartíðni



# Krabbamein á Íslandi - Upplýsingar úr Krabbameinsskrá fyrir tímabilið 1957-2006\*

smásjárskoðun. Stundum eru auk þess tekin svokölluð finnarsýni frá nálægum eitlum.

## Meðferð

Meginmeðferð krabbameins í ytri kynfærum er skurðaðgerð. Þá er ætlið fjarlægt og skapabarmar ásamt nálægum eitlum. Stundum er geislameðferð beitt á svæðið fyrir og/eða eftir aðgerðina. Einnig getur geislameðferð verið eina úrræðið, t.d. ef konan er ekki talin þola aðgerð vegna annars sjúkdóms eða háa aldurs.

Krabbamein í leggöngum er oftast meðhöndlað með geislameðferð. Oftast er byrjað á að gefa innri geislun með innleggi sem sett er beint inn í leggöngin á æxlissvæði. Á þann hátt er hægt að gefa stærri geislaskammt á ætlið heldur en ef geisluninni er eingöngu beitt utan frá. Jafnframt er aðliggjandi heilbrigðum vef þyrmt eftir fremsta megni. Viðbótarmeðferð með ytri geislun er síðan oftast beitt á aðliggjandi eitlastöðvar.


## Horfur

Horfur sjúklinga með krabbamein í leggöngum og ytri kynfærum kvenna eru á heildina litið fremur góðar. Krabbamein í ytri kynfærum hefur oftast talsvert betri horfur en krabbamein í leggöngum. Sjúklingar með illkynja ætli sem eru innan við tveir sentimetrar að stærð við greiningu lifa í um 70-80% tilvika í fimm ár eða meira.

### Yfirlit (2002-2006)

	Karlar	Konur
Meðalfjöldi tilfella á ári		2
Hlutfall af öllum meinum		0,4%
Meðalaldur við greiningu		65 ár
Fjöldi á lífi 31.12.2006		36

### Aldursbundið nýgengi



### Fimm ára hlutfallsleg lifun

